

**104** Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 45/1955, öðlast 21. júlí þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 21. júlí 1956.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Birgir Thorlacius.*

**105**

1. ágúst

## AUGLÝSING

um breyting á reglugerð um holræsi og holræsagjald fyrir Flateyrarkauptún.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til þess að standast kostnað við holræsagerð hreppsins, skal árlega greiða holræsagjald af öllum húsum og vinnustöðvum, sem standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, og fer gjaldið eftir gjaldskrá, sem hér segir:

- |   |            |
|---|------------|
| a. Fast gjald af hverri íbúð í húsi .....                 | kr. 100.00 |
| b. Fast gjald af hverju húsi, þó ekki sé búíð í því ..... | — 100.00   |

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, kr. 200.00. Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum um allt að 100%.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. ágúst 1956.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**106**

1. ágúst

## REGLUGERÐ

fyrir vatnsveitu Flateyrarhrepps.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyrarhrepps hefur einkarétt til vatnssölu innan kaupstaðarlóðarinnar og hafnarinnar á Flateyri. Skipum á höfninni er óheimilt að taka vatn annars staðar en þar sem vatnssölumaður ákveður.

2. gr.

Enginn má leggja vatnsæðar frá vatnsveitu hreppsins nema með leyfi hreppsnefndar og undir eftirliti manns, sem hún nefnir til þess.

3. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveitu Flateyrarhrepps, skal senda umsjónarmanni hennar skriflega umsókn um það, ásamt nákvæmum upplýsingum um vatnsmagn það, sem viðkomandi telur sig þurfa og til hvers það er ætlað. Vatns-